

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

149. fundur fræðsluráðs haldinn miðvikudaginn 2. apríl 2014, kl. 15.00 í ráðhúsinu.

Dagskrá:

1. Karl B. Örvarsson og Halldóra Árnadóttir mæta á fundinn kl. 15
2. Tanja Ennigarð Æskulýðs- og íþróttafulltrúi mætir á fundinn kl. 15:30
3. Skólavogin kynnt. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri mætir á fundinn kl. 16.
4. Önnur mál.

Afgreiðslur.

1. Karl B. Örvarsson og Halldóra Árnadóttir boðuðu forföll.

2. Sigurður Þór Ágústsson og Ólöf Þórarinsdóttir mæta á fundinn. Skólavogin kynnt. Rætt um ytra mat sem sveitarfélögum er skylt að sinna. Skólavogin hefur áður verið kynnt en ekki verið tekin upp vegna kostnaðar. Skólastjóri upplýsir að nú hafa skólarnir í Húnaþingi vestra og í Austur-Húnavatnssýslu verið í samstarfi þannig mögulegt er fyrir sveitarfélögin að uppfylla þá skyldu að sinna ytra mati í heildstæðu kerfi á hagkvæmari hátt. Fræðsluráð leggur til við sveitarstjórn Húnaþings vestra þátttöku í Skólavoginni í samstarfi við Austur-Húnavatnssýslu, til þess að hægt verði að sinna ytra mati sem sveitarfélögum ber að sinna skv. grunnskólalögum.

Skólastjóri gerði grein fyrir væntanlegri auglýsingu um störf í skólanum fyrir næsta skólaár. Rætt um skóladagatal og 10. bekkjardaginn og hvenær væri best að hafa hann með tilliti til umsóknarfrests í framhaldsskóla. Sigurði og Ólöfu þökkuð koma á fundinn.

3. Tanja Ennigarð Æskulýðs- og íþróttafulltrúi mætir á fundinn. Dagskrá í félagsmiðstöðinni Órion hefur verið með hefðbundnum hætti, félagsmiðstöðin er opin fyrir 8. 9. og 10. bekk á þriðjudags- og fimmtudagskvöldum en fyrir yngri á miðvikudögum. Fyrirhugað er að byggja rennibraut og lendingarlaus við Íþróttamiðstöðina. Rætt um aðgang að líkamsræktarsal og tækjum. Tönju þökkuð koma á fundinn.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:00

Rakel Runólfsdóttir (sign.),

Sigrún Waage (sign.)

Borghildur H. Haraldsdóttir (sign.)

Gísli G.Magnússon (sign.),

Esther Hermannsdóttir (sign.)

